

Steinunn Kristjánsdóttir
Vala Gunnarsdóttir
Helga Jónsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi

Hítardalur



Reykjavík 2015

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
HÍTARDALUR	4
VETTIVANGSVINNA 2015	5
NÍÐURSTÖÐUR	6
HEIMILDASKRÁ	8
VIÐAUKAR	9
1. JARÐLAGASKRÁ.....	9
2. LJÓSMYNDASKRÁ	10
3. FUNDASKRÁ	13
4. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM	14

© Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015
Kortlagning klastra á Íslandi: Hítardalur
Vettvangsskýrsla IX

Reykjavík: höfundar

Forsíðumyndin: Starfsmenn við uppgröft í Hítardal. Ljósmyndari: Helga Jónsdóttir.

Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við nýja fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar klaustranna sem rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000-1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ. Í Viðauka 4 má sjá staðsetningu klausturstaðanna sem skoðaðir verða í þessari rannsókn.

Rannsókn í Hítardal á Mýrum hófst sumarið 2013 en þá voru líkleg klausturstæði innan jarðarinnar mæld með radarjarðsjá og einn könnunarskurður tekinn í gamla kirkjustæðið (Steinunn Kristjánsdóttir 2014, bls. 3–6). Rannsókninni var síðan haldið áfram árið 2014 og voru þá farnar vettvangsferðir í Hítardal dagana 11. og 12. júní til þess að taka fleiri könnunarskurði (Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2014). Þessar ferðir báru lítinn árangur og var því ákveðið vorið 2015 að mæla stærra svæði með jarðsjá og nota segul- og viðnámsmæli að þessu sinni. Mælingarnar fóru fram 13. maí og voru unnar af samstarfsaðilum verkefnastjóra í Bretlandi, þeim Mark Graham sérfræðingi í jarðsjármælingum og aðstoðarmönnum hans, Joanne Stamper umhverfisfræðingi, Frank Giecco fornleifafræðingi, Lynda Howard skordýrafræðingi, Michael Fairfield verkfræðingi og Ian Thomson sem var sjálfboðaliði í ferðinni. Þau starfa öll hjá fyrirtækinu Grampus Heritage and Training Ltd.

Út frá niðurstöðum þessara nýju mælinga var ákveðið að fara í vettvangsferðir dagana 28. maí og 4. júní 2015 og freista þess að taka fleiri könnunarskurði á staðnum en greint er frá niðurstöðunum í þessari skýrslu. Í vettvangsferðunum voru starfsmenn fjórir, auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra, en það voru Helga Jónsdóttir, Hermann Jakob Hjartarson, Jennifer Grayburn og Vala Gunnarsdóttir. Hermann og Helga eru meistaranemar í fornleifafræði, Jennifer Grayburn er miðaldafræðingur og Vala er fornleifafræðingur og safnafræðingur.

Vísað er viðauka aftast í þessari skýrslu til upplýsinga um frekari niðurstöður og til skýrslna um niðurstöður sértækra greininga á heimasíðu verkefnisins á slóðinni <https://notendur.hi.is/~sjk/AR.htm>. Höfundar vilja jafnframt þakka Finnþoga Leifssyni bónda í Hítardal fyrir óeigingjarna aðstoð við rannsóknina.

Hítardalur

Klaustur var stofnað í Hítardal árið 1166 en ekki er vitað hversu lengi það var í rekstri (sjá viðauka 4?). Þykir líklegt að starfsemi þess hafi lognast útaf á fyrri hluta 13. aldar. Síðasti ábóti klaustursins hét Lamkár en hann lést árið 1249 (Janus Jónsson 1887, bls. 213-215; Jónas Guðlaugsson 1967, bls. 725). Rekstrartíminn kann þess vegna að hafa varað í nokkra áratugi, þannig að minjar um það ættu að vera nokkrar. Engin örnefni eru hins vegar um klaustrið í Hítardal (Hermann Jakob Hjartarson 2014, bls. 9).

Á bæjarstæðinu í Hítardal er að finna hornstein með mynd af andliti sem sýnir mann með skegg en gerð andlitsins bendir til klausturtíma (mynd 1). Þekkt er að hornsteinar klausturkirkna hafi verið útskornir, enda þótt þetta sé eina vísbendingin um slíkt hérlendis. Telja má því líklegt að steinninn sé úr klausturkirkjunni eða klaustrinu sjálfu en hann var áður í norð-austur horni kirkjurústarinnar í Hítardal (Brynjúlfur Jónsson 1908, bls. 31). Samkvæmt heimildum var annar steinn með andlitsmynd á Hítardal, sá var skegglaus. Þessi steinn var hins vegar horfinn árið 1891 þegar Sigurður Vigfússon ætlaði að skoða steinana tvo (Sigurður Vigfússon 1893, bls. 73). Engar aðrar minjar um klaustrið í Hítardal eru sjáanlegar í dag en til eru munnmæli um það hvar það á að hafa staðið. Kirkja var í Hítardal þegar klaustrið var stofnað en hún var lögð af árið 1875 (Árni Björnsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Þór Magnússon 2010, bls. 265, 274).

Þegar farið var í vettvangsferð í Hítardal freistaði miðaldafræðingurinn Jennifer Greyburn þess að búa til þrívíddarmynd af andlitssteininum. Fólst aðferðin í því að taka




Mynd 1: Prentaðar smámyndir af andlitssteininum og gömul ljósmynd af steininum.

ljósmyndir umhverfis hann og voru myndirnar svo settar inn í þar til gert forrit. Með þessu varð til tölvutæk þrívíð mynd en steinninn hefur veðrast nokkuð í gegnum aldirnar. Með þessu móti er hægt að varðveita útlit steinsins, eins og það er í dag, um ókomna tíð.

Vettvangsvinna 2015

Farnar voru samtals þrjár vettvangsferðir í Hítardal sumarið 2015. Ein var farin til frekari jarðsjármælinga og tvær til þess að taka nýja könnunarskurði en eins og fyrr segir gáfu rannsóknir árána 2013 og 2014 litlar vísbendingar um staðsetningu klausturrústanna. Leitarsvæðið var stækkað og leiddu segul- og viðnámsmælar að þessu sinni í ljós skýrt viðnám í jörðu NA við bæinn en þar virtist vera ferhyrind og aflöng rúst (mynd 2).

Út frá þessum niðurstöðum var ákveðið var að taka könnunarskurð þar sem viðnámið fannst og var farið var af stað þann 28. maí. Í Hítardal var snjókoma en frost virtist farið úr jörðu. Tekinn var könnunarskurður sem var 1 x1 m til að byrja með en ætlunin var að stækka hann um 1 m ef minjar kæmu í ljós. Í grasrót fannst hvítleirsbrot en engar aðrar minjar. Komið var síðan niður á móöskulag sem náði niður á 1,6 m dýpi. Ýmsir nýlegir gripir fundust í því, t.d. fleiri hvítleirsbrot, glerbrot og hollensk krítarpípa. Sýni var tekið af þessu móöskulagi (sýni #1). Grafið var niður á jökulleir (mynd 3).



Mynd 2: Niðurstöður viðnámsmælinga í Hítardal sumarið 2015. Mynd: Grampus Heritage & training Ltd.

Við úrvinnslu gagna frá vettvangsferðinni var óljóst hvort að könnunarskurður 1 hefði raunverulega hitt á viðnámið sem sást við jarðsjármælingarnar, því sem fyrr segir var eingöngu móösku að finna í skurðinum. Ákveðið var að taka annan skurð nokkru norðar og var að þessu sinni notast við GPS punkta við staðsetningu hans, sem og mælingar frá föstum

punktum, enda þótt skekkjumörk kynnu að vera nokkur. Við staðsetningu fyrri skurðarins var aðeins notast við málbönd.



Mynd 3: Staðsetning könnunarskurða sumarið 2015. Kort: Vala Gunnarsdóttir

Farið var af stað á nýjan leik í Hítardal þann 4. júní. Veður var þá mun betra en í fyrri ferðinni. Tekinn var skurður sem lá í N-S. Var hann 1x1 m á stærð en var stækkaður fljótlega um 1 m, vegna þess að mannvist kom í ljós rétt undir grasrótinni. Við tók síðan móaska blönduð stökum steinum og kolum en þetta lag var 70 cm þykkt. Fyrir neðan það var óhreyft leirlag. Seinni skurðurinn gaf því engar frekari upplýsingar um staðsetningu klausturstæðisins í Hítardal (mynd 3).

Niðurstöður

Enn eru rústir Hítardalsklosturs ófundnar. Rannsóknir sumarsins leiddi eingöngu í ljós þykk móöskulög í túninu norðvestan við bæjarstæðið í Hítardal. Svo lítur út fyrir að öskuhaugar bæjarins verið sléttaðir yfir túnið, að líkindum á 17. öld eða síðar. Engin skýring er heldur á því hvað jarðsjármælingarnar sýndu en það kann að vera að frost í jörðu hafi veitt það viðnám sem fram kom á mælunum.

Nú hefur verið leitað að rústum klostursins um nánast alla Hítardalsjörðina til þess að útiloka svæðin utan bæjarstæðisins. Enn eru þess vegna mestar líkur eru því á að það hafi

staðið nokkru ofan við núverandi bæjarstæði, nálægt kirkjustæðinu en þar var grafinn prufuskurður sumarið 2013. Á því svæði er nú hlaða sem gerir leitina erfiða en þegar hlaðan var byggð fannst mikið af hleðslugrjóti sem nýtt var í aðrar byggingar á jörðinni. Leit verður því haldið áfram sumarið 2016.

Heimildaskrá

Árni Björnsson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Þór Magnússon (2010). *Friðaðar kirkjur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi*. Kirkjur Íslands. 16 bindi. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Brynjúlfur Jónsson (1908). Rannsóknir fornleifa sumarið 1907. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 23. árg., bls. 9-31.

Hermann Jakob Hjartarson og Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Rannsókn á örnefnum um klaustur á Íslandi*. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/ORN_2014.pdf

Janus Jónsson (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 8. árg., bls. 174–265.

Jónas Guðlaugsson (1967, 26. ágúst). Klaustur í Bæ, Hítardal, Saurbæ og á Keldum. Klaustrapættir IV. *Tíminn, sunnudagsblað*, bls. 724–272.

Sigurður Vigfússon (1893). Rannsóknir á Vesturlandi 1891. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 8. árg., bls. 61-73.

Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Bær og Hítardalur*. Vettvangsskýrsla I. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/BOGH_2013.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Hítardalur*. Vettvangsskýrsla III [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/HIT_2014.pdf

Viðaukar

1. Jarðlagaskrá

STAÐUR: Hítardalur

VERKEFNISNÚMÉR: KLI-2014-32

LEYFISNÚMÉR: 2014060027

SKURÐUR: Könnunarskurður 1 (2015)

Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
-	1	Yfirborðslag	30		Hvítleir	28.05.2015
-	2	Móaska	130	#1	1 fata	28.05.2015

MATRIX/FLÆÐIRIT Jarðlög:

1

2

STAÐUR: Hítardalur

VERKEFNISNÚMÉR: KLI-2014-32

LEYFISNÚMÉR: 2014060027

SKURÐUR: Könnunarskurður 2

Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
-	1	Yfirborðslag	30			04.06.2015
-	2	Móaska, kol, stakir steinar	40	#2	poki	04.06.2015

MATRIX/FLÆÐIRIT Jarðlög:

1

2

2. Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá						
Rannsóknastaður	Hítardalur					
Leyfisnúmer	2014060027					
Safnnúmer	2014-32					
Leyfisnúmer	Heiti	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Athugasemdir
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_01	28.5.2015	Mælt fyrir TP1	NV	HJ	Jennifer og Vala Gunnars
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_02	28.5.2015	Steinunn, Vala og Jennifer mæla	A	HJ	í baksýn kirkjugarður og hlaða
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_03	28.5.2015	Steinunn, Vala og Jennifer mæla	ANA	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_04	28.5.2015	Bæjarfell og tún	N	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_05	28.5.2015	Torftekja á TP1	SA	HJ	Dagmálakollur í baksýn
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_06	28.5.2015	Torftekja á TP1	ANA	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_07	28.5.2015	Hlið á girðingu-gamli vegur	NV	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_08	28.5.2015	Vesturgirðing heimatúns	SSA	HJ	Dagmálakollur í baksýn
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_09	28.5.2015	Rétt f vestan Hítardalsbæinn	VSV	HJ	Fagraskógarfjall í baksýn
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_10	28.5.2015	Séð vestur frá Hítardalsjörð	V	HJ	Fagraskógarfjall
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_11	28.5.2015	Hugsanlegur vegaslóði fremst	NV	HJ	Hróbjörg í baksýn
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_12	28.5.2015	Hugsanlegur vegur í norðvesturátt	NV	HJ	Hróbjörg í baksýn
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_13	28.5.2015	Hugsanlegur vegur sveigir yfir háls	VSV	HJ	Dagmálafjall og bær
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_14	28.5.2015	Beint í vestur frá Hítardal	V	HJ	Fagraskógarfjall í baksýn

Leyfisnúmer	Heiti	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Athugasemdir
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_15	28.5.2015	Séð úr vestri á bæinn Hítardal	A	HJ	Dagmálafjall
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_16	28.5.2015	Snið í vestur TP1	V	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_17	28.5.2015	Snið í vestur TP1	V	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_18	28.5.2015	Snið í vestur TP1	V	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_19	28.5.2015	Snið í vestur TP1	V	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_20	28.5.2015	Snið í suður TP1	S	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_21	28.5.2015	Snið í suður TP1	S	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_22	28.5.2015	Snið í suður TP1	S	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_23	28.5.2015	Snið í suður TP1	S	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_24	28.5.2015	Séð ofan í TP1 af norðurbakka	S	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_25	28.5.2015	Séð ofan í TP1 af norðurbakka	S	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150528_HJ_26	28.5.2015	Jennifer og Vala við TP1	SV	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_27	4.6.2015	TP1 tekinn	NV	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_28	4.6.2015	TP1 tekinn	NA	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_29	4.6.2015	TP1 tekinn	NA	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_30	4.6.2015	TP2 1x1 m prufa	NA	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_31	4.6.2015	TP2 kolaleifar		HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_32	4.6.2015	TP2 kolaleifar		HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_33	4.6.2015	TP2 kolaleifar		HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_34	4.6.2015	TP2 kolaleifar		HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_35	4.6.2015	TP2 1x2m Vala og Jennifer	S	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_36	4.6.2015	TP2 1x2m Vala og Jennifer	S	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_37	4.6.2015	Andlitssteinn, bókin er 18 cm	V	HJ	

Leyfisnúmer	Heiti	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Athugasemdir
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_38	4.6.2015	Andlitssteinn, bókin er 18 cm	V	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_39	4.6.2015	Andlitssteinn	V	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_40	4.6.2015	Andlitssteinn	SV	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_41	4.6.2015	Steinunn mokar	S	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_42	4.6.2015	TP2 1x2 m	N	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_43	4.6.2015	TP2 1x2 m	N	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_44	4.6.2015	TP2 1x2 m	N	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_45	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_46	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_47	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_48	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_49	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_50	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_51	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_52	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_53	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_54	4.6.2015	TP2 snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_55	4.6.2015	TP2 allur snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_56	4.6.2015	TP2 allur snið í austur	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_57	4.6.2015	TP2 plan í botni	A	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_58	4.6.2015	TP2 snið í norður	N	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_59	4.6.2015	TP2 snið í norður	N	HJ	
2014060027	Hítardalur_20150604_HJ_60	4.6.2015	TP2 snið í norður	N	HJ	

3. Fundaskrá

Dags.	Nr.	Fundur	Efni	Staðsetning			Svæði		J -lag	Skráð af	Ath.	Geymsla
				X	Y	+	T.lag					
28.5.2015	2015-32-1	Hvítleirsbrot	Leir						1	Vala	Í topsoil	
28.5.2015	2015-32-2	Dýratönn	Dýratönn						2	Vala		
28.5.2015	2015-32-3	Glerbrot	Gler						2	Vala	Ljósgrænleitt rúðugler	
28.5.2015	2015-32-4	Krítarpípa	Leir						2	Vala	Leggur af krítarpípu, með stimpli, D... GOUD (?)	
28.5.2015	2015-32-5	Leirkersbrot	Leir						2	Vala	Þykkt grátt, óvenjulegt leirkersbrot. Með rauðbrúnum glerjungu á báðum hliðum.	
28.5.2015	2015-32-6	Flöskugler	Gler						2	Vala	Grænt flöskugler	
28.5.2015	2015-32-7	Hvítleirsbrot	Leir						2	Vala	Fjögur lítil hvítleirsbrot.	

4. Kort af miðaldaklaustrunum

